



Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 3. desember 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda o.fl., 131. mál.

Samtökum iðnaðarins hefur borist til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Í frumvarpinu kemur fram að verið sé að bregðast við dómi Hæstaréttar frá 20. september 2007 í máli nr. 523/2006.

Almennar athugasemdir

Þessi viðbrögð fjármálaráðherra við sýknudómi Hæstaréttar koma verulega á óvart. Samkvæmt frumvarpinu eru það notendur þjónustunnar en ekki starfsmannaleigan sem teljast launagreiðendur á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli hafi starfsmannaleigan ekki skattalega heimilisfesti hér á landi. Það eru vonbrigði að stjórnvöld kjósa að reyna að stoppa upp í glufu með þessum hætti í stað þess að finna heildarlausn á þessum málum í samráði við atvinnulífið. Reglur um erlenda starfsmenn og starfsmannaleigur eru mikið hagsmunamál fyrir atvinnulífið og því nauðsynlegt að rétt sé staðið að málum og unnið í sátt við alla þá sem eiga hagsmuna að gæta. Augljóst er að stjórnvöld treysta sér ekki til að rukka erlendar starfsmannaleigur um opinber gjöld og varpa því ábyrgðinni á innlenda viðskiptavinum þeirra. Þar að auki eru erlendar starfsmannaleigur í raun þvingaðar til að setja upp starfsstöð hér á landi til að geta boðið fram þjónustu sína verði frumvarp þetta að lögum. Þá má jafnframt spyrja sig hvort íslensk fyrirtæki myndu sætta sig við sambærilegar kvaðir í útrás sinni, þ.e. að þurfa vera með skráða starfsstöð í þeim löndum þar sem þau bjóða þjónustu sína.


Hæpið að frumvarpið standist reglur EES-samningsins

Frumvarpið stenst trauðla reglur Evrópusambandsins, þ.m.t. skuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum, 36. gr., um frjálsa þjónustustarfsemi í aðildarríkjum ESB og EFTA-ríkjunum. Í því sambandi má benda á tvo dóma. Annars vegar dómur EFTA dómstólsins í máli E-1/03: "Flugvallaskattar" Samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, var flugvallagjald 1.250 kr. fyrir hvern farþega sem ferðaðist frá Íslandi til annarra landa en 165 kr. fyrir farþega sem ferðaðist innanlands. Þann 12. desember 2003 staðfesti EFTA dómstóllinn niðurstöðu ESA þess efnis að umrædd skattlagning væri andstæð 36. gr. EES-samningsins þar sem kveðið er á um að engin höft skuli vera á frelsi til að veita þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila. Með flugvallagjöldunum var um ólögmdæta mismunun að ræða þar sem skatturinn hafði það í för með sér að erfiðara var að veita flugþjónustu milli aðildarríkja EES en innanlands. Dómstóllinn tók fram að þó að skattar falli ekki undir EES-samninginn þá beri aðildarríkjunum að gæta að ákvæðum samningsins þegar skattar eru lagðir á. Hins vegar má benda á dóm Evrópudómstólsins í máli C-433/04, Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gegn Belgíu. Í því máli höfðu stjórnvöld með lögum gert þjónustukaupendur ábyrga fyrir að halda eftir fyrir belgísk skattayfirvöld 15% af launum erlendra verktaka sem voru

ekki með skráða starfsstöð í Belgíu. Evrópudómstóllinn taldi að belgísk stjórnvöld hefðu þar með brotið reglur Evrópusambandsins um frelsi verktakanna til að veita þjónustu í Belgíu.

Af framangreindum dómum má ráða að Alþingi hefur ekki jafn frjálsar hendur við setningu skattalaga nú og fyrir gildistöku EES-samningsins. Alveg ljóst er að ákvæði EES-samningsins um fjórfrelsið setja löggjafanum skorður við setningu skattalaga. Verði frumvarp þetta að lögum er ljóst að erlendar starfsmannaleigur sem ekki eru með skattalegt heimilisfesti hér á landi sitja ekki við sama borð og hinar sem eru skráðar hér. Sú kvöð sem lögð er á innlenda viðskiptavinum þeirra að þurfa að standa skil á opinberum gjöldum vegna starfsmanna viðkomandi starfsmannaleiga gerir það að verkum að samkeppnisstaða þeirra er mjög veik gagnvart þeim starfsmannaleigum sem eru skráðar hér á landi.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Sigurður B. Halldórsson, hrl.